

ÞURÍÐUR ÞORBJARNARDÓTTIR

Er líf í orðabankanum?

Erindi á málræktarþingi Íslenskrar málnefndar á degi íslenskrar tungu 2003. Auk Þuríðar fluttu þar erindi Ágústa Þorbergsdóttir, Birna Lárusdóttir, Guðrún Kvaran og Þorsteinn Vilhjálmsson. –Ritstj.

Inngangur

Spurningunni í heiti erindisins svara ég hiklaust játandi og skal færa tvenns konar rök fyrir því.

1. Annars vegar er mikið líf og fjör í orðabankanum í almennum skilningi þar sem hann er í sífelldum vexti og þroskast jafnt og þétt eins og kom fram í erindi Ágústu hér á undan.
2. Hins vegar er orðabankinn fullur af líf-fræði. Alls eru um tíu orðasöfn í orðabankanum sem tengjast líffræði á einn eða annan hátt. Eitt þeirra er líforðasafnið og ætla ég að gera stutta grein fyrir tilurð þess og sögu. Einnig lýsi ég í grófum dráttum hvernig vinnsla í safninu fer fram nú.

Líforðasafnið: tilurð og útgáfa

Líforðasafnið er komið á þrítugsaldur ef tekið er mið af undanfara þess — Ensk-íslenskri orðaskrá í líffræði eftir Hálfðan Ómar Hálfðanarson, líffræðing og þýðanda. Að loknu líffræðinámi kenndi hann við framhaldsskóla, fyrst við Menntaskólann að Laugarvatni og svo við Menntaskólann í Reykjavík. Strax í upphafi kennsluferilsins varð hann áþreifanlega var við skort á íslenskum íðorðum fyrir hugtök sem tengdust þeim fræðigreinum sem hann kenndi. Hann hóf að leita að þýðingum á líffræðihugtökum á ensku og safna saman á einn stað og hefur haldið því áfram linnulítið síðan enda mikill áhugamaður um íslenska tungu.

Hálfðan Ómar hafði góðar fyrirmyndir í þessu sambandi þar sem voru þeir Guðmundur Eggertsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Örnólfur Thorlacius, fyrrverandi rektor og kennari. Þeir hafa ávallt lagt mikinn metnað í að kenna á íslensku og hafa verið fundvísir á íslensk íðorð yfir hugtök sem tengjast fræðigreinum sínum. Þetta er því miður ekki reglan meðal kennara. Alltof margir sletta útlensku án þess að blikna. Hálfðan Ómar hafði gjarnan samband við þá heiðursmenn á þessum árum og voru þeir saman í sjálfboðavinnu ásamt öðrum í svokallaðri líforðanefnd sem var hópur áhugafólks um íðorð í líffræði.

Árið 1980 fékk Hálfðan styrk úr Raunvísindadeild Vísindasjóðs til að gefa út það safn sem var afrakstur nokkurra ára starfs. Ári seinna, eða 1981, kom *Ensk-íslensk orðaskrá í líffræði* út með um 3600 flettum.

Mikil eftirspurn reyndist vera eftir verkinu meðal kennara og nemenda, bæði á framhaldsskóla- og háskólastigi.

Á 9. áratug síðustu aldar lágu leiðir okkar Hálfðanar saman og ekki leið á löngu þar til ég fór að taka þátt í þýðingum með honum. Til þess að vinna að endurbótum á orðaskránni og gefa hana út á ný sóttum við um styrk hjá Málræktarsjóði og fengum árið 1996.

Nýja safnið kom svo út í ársbyrjun 1997 undir heitinu *Líforðasafn*. Þá ríkti tölvuöld og netöldin var að ganga í garð. Þessi tækni gerði alla vinnslu miklu auðveldari sem sést á því að flettur var nú orðnar rúmlega 8000.

Orðabankinn

Árið 1999 var samið við Íslenska málstöð um að setja líforðasafnið í orðabankann þar sem það hefur verið síðan.

Árið 2000 fengum við aftur styrk frá Málræktarsjóði til að betrubæta safnið enn frekar með því að semja skilgreiningar við flettur. Ári seinna fengum við einnig góðan styrk frá *Norrænu málráði* og hef ég unnið að því síðan að bæta inn flettum og semja skilgreiningar við allar flettur safnsins. Vinnan við þetta getur farið fram nánast hvar sem er í heiminum þar sem hún er unnin á Netinu, nánar tiltekið í vinnsluhluta orðabankans. Ég er þó ekki mikill heimshornaflakkari og kýs helst að vinna þetta í innsta herbergi Íslenskrar málstöðvar þar sem ég er ætíð velkomin og fæ þá aðstoð og þau ráð sem ég þarfnast til að halda ótrauð áfram. Ekki skemmir heldur fyrir skemmtilegur félagsskapur og óvenjugott kaffi!

Vinnslan

Ég ætla nú að lýsa í stuttu máli hvernig ég vinn þetta.

- Til viðmiðunar nota ég svipaða bók á ensku með góðar skilgreiningar á hugtökum í faginu og fyrir valinu varð 11. útgáfa af *Henderson's Dictionary of Biological Terms* sem í eru yfir 23 000 flettur með skilgreiningum.
- Finni ég þar hugtak sem ekki er í *Líforðasafninu* en ætti að vera þar að mínu mati bæti ég því inn í safnið.
- Næst leita ég að íslenskri þýðingu. Fyrst leita ég í orðabankanum sjálfum enda nokkuð mörg líffræðitengd söfn þar eins og áður sagði.
- Ef hugtakið er ekki þar leita ég í þeim handbókum sem til eru á þessu sviði.
- Til að semja skilgreiningu við flettu á íslensku styðst ég oft við skilgreininguna í bók *Hendersons* en leita jafnframt í aðrar heimildir, einkum á Netinu sem má með réttu segja að sé hafsjór fróðleiks eins og alþjóð veit.
- Finni ég enga þýðingu fyrir hugtak sem ég vil bæta í safnið geri ég tillögu um nýyrði eða í versta falli laga ég enska hugtakið að íslensku.
- Ég er nokkuð djörf að búa til nýyrði sem byggjast á inntaki skilgreininganna því að áður en þau fara í birtingarhluta orðabankans prenta ég handritið út og læt það í hreinsunareld til mér fróðari manna um íslenskt mál og líffræði en þar ber hæst forstöðumann Íslenskrar málstöðvar og að sjálfsögðu meðhöfund minn.
- Í kjölfar endurbóta og leiðréttinga sem ég geri eftir meðferð í hreinsunareldinum bið ég ritsjóra orðabankans að setja líforðasafnið eins og það er þá orðið í vinnsluhlutanum í birtingarhluta orðabankans.
- Í byrjun þessa mánaðar voru 8.702 flettur í líforðasafninu í birtingarhluta orðabankans en 10.208 í vinnsluhlutanum sem ber vott um talsverðan vöxt í safninu um þessar mundir.

Þróun málsins

Þróun málsins hefur verið geysilega hröð síðustu áratugi, ekki síst í fræðamáli, og er enn. Þýðingar, sem þóttu góðar og gildar fyrir fáeinum áratugum, geta jafnvel talist fráleitar nú.

Dæmi þessa má finna í líforðasafninu. Fyrir nokkru barst athugasemd frá notanda orðabankans sem hafði rekist á sérkennilega þýðingu í *Líforðasafninu* og benti á að ef til vill væri vert að lagfæra hana. Ritstjóri orðabankans sendi okkur höfundum þessa ábendingu og urðum við að viðurkenna að notandinn hefði þó nokkuð til síns máls.

Umrætt hugtak er *ejaculatory duct*. Ef því er flett upp í *Líforðasafninu* birtist þýðing sem nú á dögum hefur allt aðra merkingu en hér á við. Við rannsóknir á uppruna þýðingarinnar í kjölfar ábendingar notandans bárust böndin strax að tveimur tímamótaverkum á þessu sviði — *Íslenskum læknisfræðiheimum* og *Alþjóðlegum og íslenskum líffæraheitum*. Uppfletting í þessum ritum staðfesti að þýðingin var þaðan komin. Þessi þýðing, sem þótti gjaldgeng árið 1981 en vakti skiljanlega kátínu notandans úti í bæ, var sem sagt *útvvarpsrás*.

Á því herrans ári 1981 var gamla gufan eina útvvarpsrásin í nútímamerkingu þess orðs en tímarnir hafa svo sannarlega breyst og hugtakið *ejaculatory duct* er nú þýtt með orðinu *sáðfallsrás*. En greinilegt er að um miðja síðustu öld hefur orðið *útvvarp* haft fleiri en eina merkingu eins og sést á því að latneska hugtakið *ejaculatio seminis* er þýtt *sæðisútvvarp* í *Íslenskum læknisfræðiheimum*.

Þetta atvik hefur dregið dilk á eftir sér því að í kjölfar þess hef ég komist að ýmsu um fyrrnefnda rás og tengsl hennar við önnur líffæri á svipuðum slóðum mannlíkamans. Auk þess að lagfæra áðurnefnda flettu hef ég bætt nokkrum nýjum, skyldum flettum ásamt skilgreiningum í safnið. Leiðréttingin og fylgiflettur eru þó vandlega geymdar í vinnsluhlutanum og koma því miður ekki fyrir sjónir þeirra notanda orðabankans sem fletta upp á þeim í birtingarhlutanum fyrr en endurskoðuð utgáfa af orðabankanum kemst í gagnid. Vonandi verður það sem allra fyrst.

Lokaorð

Það er von mín að mér hafi tekist að varpa örlitlu ljósi á tilurð og sögu *Líforðasafnsins* og mikilvægi þess að endurskoðun sé sífellt í gangi.

Líforðasafnið er til orðið af þörf fyrir samræmd íðorð á móðurmálinu í þessari víðfeðmu fræðigrein svo að áhugasamir líffræðingar, hvort sem þeir stunda kennslu eða önnur störf, geti fjallað um fræðin á íslensku. Vonandi verður svo um ókomna framtíð enda er líffræðin að líkindum sú fræðigrein sem tekur hvað hröðustum framförum um þessar mundir. Þá er mikilvægt að íðorðin séu auðfundin á einum stað. Í því ljósi er orðabankinn ómetanleg stofnun.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.daneprairie.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.